

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um ökuskírteini, nr. 830/2011, með síðari breytingum.

1. gr.

Orðin „innan 24 klukkustunda“ í 3. másl. 2. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar falla brott.

2. gr.

Við 2. tölul. 1. mgr. 35. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Fjöldi kennslustunda sem skal vera lokið er a.m.k. 16.

3. gr.

Í stað 2. mgr. 36. gr. reglugerðarinnar koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
Í samningi skal einnig kveðið á um námskeið fyrir reglulega endurmenntun ökukennara.
Regluleg endurmenntun ökukennara getur með sérstöku leyfi Samgöngustofu farið fram á námskeiði, sem haldið er utan skóla á háskólastigi.

4. gr.

Þau ákvæði til bráðabirgða II sem bætt var við reglugerðina með reglugerðum nr. 1187/2020 og nr. 380/2020 falla brott.

5. gr.

Í stað orðanna „31. júlí“ í ákvæði til bráðabirgða II sem bætt var við reglugerðina með reglugerð nr. 10/2022 kemur: 31. desember.

6. gr.

Lagastof og gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 58., 62. og 64. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 28. júlí 2022.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Ingilín Kristmannsdóttir.